

GJALDSKRÁ

Meindýravarna Reykjavíkurborgar.

1. gr.

Fyrir þjónustu og útrýmingarefni Meindýravarna Reykjavíkurborgar skal umhverfissvið Reykjavíkurborgar innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Tímagjald skal innheimt fyrir eyðingu meindýra en þó skal ekkert gjald tekið fyrir eyðingu á músum og rottum. Tímagjald vegna þjónustuverkefna og gjald fyrir akstur skal vera sem hér segir:

Tímagjald 3.146 kr./klst.
Akstur 1.330 kr./ferð.

3. gr.

Fyrir útrýmingarefni skal greiða gjald m.v. innkaupaverð og notað magn efnis ásamt 40% umsýsluþóknun. Verð útrýmingarefna sem framleidd eru af Meindýravörnum Reykjavíkurborgar skal jafnframt innifela tímagjald vegna framleiðslu efnanna.

4. gr.

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af borgarráði Reykjavíkurborgar, með heimild í 5. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá Meindýravarna Reykjavíkurborgar nr. 1249/2007.

Borgarstjórnin í Reykjavík, 18. desember 2012.

Jón Gnarr.

B-deild – Útgáfud.: 11. janúar 2013